


Draumur, saumur og dans

Einar Jóhannesson

klarinetttuleikari

Alessandra Pompili

píanóleikari



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
Þriðjudaginn 9. júlí 2024 kl. 20:30

Einar Jóhannesson fæddist í Reykjavík og lærði á klarínettu við Tónlistarskólann í Reykjavík hjá Gunnari Egilson og síðar við The Royal College of Music í London hjá Bernard Walton og John McCaw. Þar hlotnaðist honum hin virtu Frederick Thurston verðlaun sem veitt eru í minningu þessa áhrifamikla enska klarínnettuleikara. Árið 1976 vann Einar samkeppni í London um að taka þátt í verkefninu *Live Music Now* sem Sir Yehudy Menuhin stofnaði og gaf ungu tónlistarfólki tækifæri til að halda tónleika víða um England. Þremur árum síðar hlaut hann Sonning verðlaunin dönsku sem veitt voru ungu norrænu tónlistarfólki. Íslensk tónskáld hafa verið dugleg við að semja verk handa Einari og hefur hann komið fram á tónlistarhátíðum um allan heim sem einleikari og flytjandi í kammermúsík.

Einar var leiðandi klarínnettuleikari í Sinfóníuhljómsveit Íslands í rúma þrjú áratugi, frá 1980 til 2012. Hann er einn af stofnendum Blásarakvintetts Reykjavíkur og er félagi í miðaldasönghópnum *Voces Thules*.

Alessandra Pompili fæddist í Róm og nam þar píanóleik undir handleiðslu hins virta Argentíska píanóleikara og tónskálds Sergio Calligaris og útskrifaðist með láði frá L'Aquila Tónlistarakademíunni. Þaðan hélt hún til Parísar og nam hjá Arnaldo Graziosi og Marcella Crudeli við École Normale de Musique og lauk því námi einnig með láði. Hún gaf sér tíma eftir það til að sinna öðrum áhugamálum og hóf nám í listasögu og fornleifafræði. Síðan fór hún til Englands og lauk meistaranámi í fornleifafræði við Manchester University. Hún lauk svo doktorsnámi við sama skóla í listasögu og fornleifafræði.

Alessandra er staðarpíanisti hjá Dante Alighieri félaginu í Manchester og hefur nýlega verið ráðin sem tónlistarráðgjafi hjá Mirak kammermúsíkfélaginu í Arlington í Bandaríkjunum. Hún hefur víða haldið tónleika meðal annars á Ítalíu, Bretlandi, Ungverjalandi, Íslandi, Þýskalandi, Póllandi og í Bandaríkjunum.

Efnisskrá

Clara Schumann *Ich stand in dunklen Träumen*
1819–1896 ópus 13 númer 1

Robert Schumann: *Drei Romanzen* ópus 94
1810–1856 Moderato
 Semplice, affettuoso
 Moderato

Norbert Burgmüller *Duo* ópus 15
1810–1836

John A. Speight *Patchwork / Bútaumur*
f. 1945 – frumflutningur á Íslandi

Thomas Pitfield *Menuet og Pavan* fyrir píanó
1903–1999 *Sonatina* fyrir klarínnett og píanó
 Counter Rhythms
 Elegy
 Fives and Sevens

László Draskóczy *Korondi Táncok / Dansar frá Korond*
1940–2020

Einar Jóhannesson was born in Reykjavík and studied the clarinet at the Reykjavík College of Music with Gunnar Egilson and The Royal College of Music in London with Bernard Walton and John McCaw. There he won the coveted Thurston prize, awarded in the memory of the great English clarinetist. In 1976 Einar won a competition to participate in Sir Yehudi Menuhin's *Live Music Now*, and three years later he was awarded the Sonning Prize for young Nordic Soloists. He has appeared as soloist and chamber musician all over the world and recorded for various radio and television networks, often presenting pieces especially written for him. Einar was the principal clarinet with the Iceland Symphony Orchestra from 1980 until 2012. He is one of the founding members of the internationally recognized ensemble *The Reykjavík Wind Quintet*. He also sings with *Voces Thules*, a group of six male singers specializing in medieval Icelandic church music.

Alessandra Pompili was born in Rome and studied with celebrated Argentinian pianist and composer Sergio Calligaris. Under his guidance she graduated with the highest mark at L'Aquila Conservatoire. She then moved on to Paris to study with Arnaldo Graziosi and Marcella Crudeli at the École Normale de Musique de Paris, again passing *cum laude*. At this point she found enough time for her other interests: the history of art and archaeology. At Manchester University she gained her Masters degree in archaeology and Doctoral degree in the History of Art and Archaeology. She is now an Honorary Teaching Fellow at Manchester University.

Alessandra is the pianist-in-residence of the Dante Alighieri Society in Manchester and has recently become the music advisor of the Mirak Chamber Music Series in Arlington, USA. She has performed for years as a soloist to critical and public acclaim in Italy, The United Kingdom, Hungary, Iceland, Germany, Poland and the USA.

Kaffistofa safnsins er opin eftir tónleikana
The Museum café is open after the concert
Tónlistarsjóður styrkir Sumartónleika LSÓ